Kvennablaðið kostar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. [55 cent vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

20. ár. | Reykjavik, 30. mai 1914. | № 5.

Bækur.

Suffragetterne. Deres Kamp mod Regeringen. Af Viggo Koppel. København. Leman og Stages forlag. Græbes Bogtrykkeri 1914.

Það er næsta fátítt að nokkurt orð sjáist nokkursstaðar eftir karlmann, sem skýri frá þessari stórkostlegu kvenréttindahreyfingu á Englandi, eða tali um þær konur, sem tekið hafa gerbótastefnu karlmannanna sér til fyrirmyndar, með samúð og næmum skilningi á öllum málavöxtum. En bók sú, sem hér er nefnd, hefir í þessu tilliti brotið allar venjur karlmannanna. Hún segir í inngangínum, að þekkingin um Suffragetturnar og þeirra verk sé til vor komin frá ensku blöðunum, sem öll séu yfir höfuð fjandsamleg í garð Suffragettanna og málstað kosningarréttar kvenna, einkum blöð frjálslynda flokksins. Dómar manna yfir Suffragettunum byggist því eiginlega á sögusögn fjandmanna þeirra og menn viti ekki aðfarir stjórnarinnar gegn þeim. En nú eigi reglan að vera sú, að *hlustað sé á hinn málsaðilann líka.* Því sé það nú rétt og reynandi að segja mönnum söguna, líka frá sjónarmiði Suffragettanna. Reyndar verði þessi frásögn ófullnægjandi, af því málið sé svo flækt og málstaður kvenna svo svertur í enskum blöðum. Til að þekkja báðar hliðarnar hefðu menn þurft að lesa blöð Suffragettanna líka, til þess að geta dæmt um málið frá báðum hliðum og menn gætu þá séð hvort sú stjórn, sem nú situr að völdum á Englandi, sé sú fyrirmyndarstjórn, sem menn hafi viljað láta hana heita.

Á öðrum stað segir höf. í inngangínum að því miður verði menn að játa, að engri frelsisbaráttu hafi verið barist á móti með svo auðvirðilegum vopnum og einmitt frelsisbaráttu kvenna.

Höf. byrjar svo mál sitt með því að skýra helstu atriðin í réttarstöðu enskra kvenna eftir enskum lögum. Hann segir að ekki einungis lögin og stjórnarvöldin, heldur einnig dómararnir fari með enskar konur sem lægri stétt. Staða konunnar sé þannig, að hún sé alment útilokuð frá flestum vellaunuðum sýslunum. Konum sé með lögum bannaður aðgangur að ýmsri vellaunaðri vinnu undir því yfirskyni að þær eigi að »verndast«. En heimavinna verkakvenna, sem Englendingar kalla »Sweeting«-aðferðina, af því hún sé svo úr hófi illa launuð, að enginn geti nándar nærri lifað af þeim launum — hún sé ætluð konunum einum, og móti þessari aðferð hafi konurnar fyrst risið. Stjórnin sjálf gangi á undan í að nota þessa »Sweeting«-aðferð. T. d. þar, sem konur vinna að saumum handa hernum. Og hún hafi reynt að færa launin enn þá lengra niður, þótt konur með samtökum og verkfalli hafi komið í veg fyrir það. Aldrei hafi stjórnin fengist til að setja lög um lágmark vinnulauna verkakvenna eins og verkamanna.

Í öllum þeim stöðum, sem konur komist að, t. d. pósthúsa-, síma- og kennarastöðum, fái þær jafnan að eins lægstu og launaminstu embættin. Hin geti þær aldrei fengið, hvað færar sem þær séu til þess. Jafnvel milli skólabarna komi þegar fram munur, því stúlkubörn fái ætíð lægri verðlaun við þá, en drengirnir.

Jafnvel vernd laganna við konur, fyrir árásum og meiðslum, sé mjög hlutdræg. Meðal annars megi taka það fram, að hegningin, sem karlmenn fái fyrir að svívirða konur og stúlkubörn og misþyrma þeim, sé oft engin. Og fáist karlmenn

dæmdir fyrir það, þá sé hegningin ótrúlega lítil. Oft sé mönnum slept lausum fyrir árásir á 6 ára gömul stúlkubörn, með þeirri áminningu að gera þetta ekki oftar. En fái þeir sektir þá geti þær komist ofan í 5 shill. (4 kr. 50 aura).

Neyðarvarnarrétturinn sé fyrir konur svo lítill, að það beri oft við að, ef maður hefir ráðist á konu, og hún skotið hann eða drepið, af sjálfsvörn einni, þá hafi hún verið dæmd til líflåts fyrir það. Stundum þó náðuð með löngu fangelsi. Þá sé kvennasalan á svo háu stigi, að jafnvel anti-Suffragistan hafi síðast hjálpað konunum í baráttu þeirra til að fá lög gegn slíku athæfi.

Réttarfarsleg staða giftra kvenna sé þannig, að enn þá komi það fyrir að menn *selji* konur sínar. Eiginkonan sé að öllu leyti undir manninn gefin. Hann geti misþyrmt henni á allar lundir, ef ekki stórsjái á henni, án þess að hann fái svo mikið sem sekt fyrir. Hann geti fengið skilnað við hana, ef hún sé honum ótrú, en hún aldrei, þó maðurinn sé staðreyndur að því, jafnvel þótt hann haldi hjákonu sína á heimilinu, ef hann ekki misþyrmir konu sinni svo mikið, að á henni sjái, nema hún geti sannað, að auk þess sem hann sé henni ótrúr, þá hafi hann líka annað hvort misþyrmt henni, eða yfirgefið hana.

Eiginkonan hefir engan lagarétt til tekna manns hennar, nema hann hafi yfirgefið hana. Ef hann hefir ekki gert það, en neitar henni þó um nokknð af launum sínum, til að lifa af, þá getur hún einungis þvingað hann til þess að leggja sér fé, með því að segja sig til fátækrahússins. Fyrir utan þetta eina ráð getur hún með engu móti fengið hann að lögum til að láta neitt af mörkum handa henni og börnunum, þótt þau svelti öll saman.

Ef annaðhvort hjónanna deyr án þess að hafa gert arfleiðsluskrá, þá erfir maðurinn allar eignir konunnar, en hún að eins lítinn hluta af eigum hans. Bæði hjónin geta með arfleiðsluskrá útilokað hvort annað frá eignum sínum. En þetta þýðir oftast það í veruleikanum, að maðurinn gerir konuna arflausa, eða setur henni einhverja auðmýkjandi skilmála. Þesskonar »eiginmanna«-arfleiðsluskrár segir höf. mjög algengar.

Sem móðir, er hin enska eiginkona alveg réttlaus yfir börnunum, gagnvart manni sínum. Hann hefir að lögum alt foreldravaldið. Og þó að lögin tilnefni »foreldra« (the parent), þá viðurkenna þau hann, sem einasta foreldri meðan hann lifir. Þegar hann deyr þá fær konan foreldravaldið að lögum.

Þetta eru *aðalatriðin* í þessari löggjöf. En fjöldamargt annað kemur þar inn í daglega, sem gera þau enn þá verri, og sýna hvað óhafandi þau eru.

Þá telur höf. upp baráttuaðferðir Suffragettanna fyrst framan af og fylgir þeim eftir. Sýnir hvaða aðferðir stjórnin brúkaði á móti þeim og hvernig hún hefir sjálf rekið Sfg. bókstaflega yfir í þessa bardagaaðferð, frá hinni fyrri friðsamlegu framsókn þeirra.

Höf. sýnir hvernig þessi aðferð hefir jafnan verið notuð í allri frelsisbaráttu heimsins, og að það sé síður en svo að Suffragetturnar séu æstar, því þær reikni út með köldu blóði, áhrif og afleiðingarnar af bardagaaðferðum sínum, sem hyggnir stjórnmálamenn, eins og þær hafi reynst vera frá byrjun. Það sé stjórnin, en ekki þær, sem hafi orðið æst og örvita í þessari baráttu, og gert hvert stjórnmálaaxaskaftið á fætur öðru.

Þá skýrir höf. frá ofsóknum þeim, ofbeldi og ranglæti, sem Suffragetturnar hafi sætt hjá stjórninni. Hvernig málsóknir hennar og meðferð öll á þeim sé svo gagnólík allri meðferð á karlmönnum fyrir líkar sakir. Og að þessi meðferð sé endurrisin miðalda-sakamanna-pinting í nýrri útgáfu.

Bókin er bygð á eintómum sögulegum viðburðum, sem ekki verða hraktir. Þeir tala betur máli Suffragettanna en nokkur málaflutningsmaður gæti talað án þeirra. Þeir eru órækustu sannanirnar fyrir rétt-

mæti máls þeirra og aðferðar til að ná rétti sínum.

Vér viljum ráða öllum þeim, sem vita vilja hin *sönnu* tildrög Suffragettubardagans við Asquith og ensku stjórnina, að lesa þessa bók. Hún skýrir málið frá þeirri hliðinni, sem ensku blöðin hafa falið undir allri ósanninda og ofsókna-skæðadrifunni, sem þau hafa þeytt upp, til að fegra með málstað flokka sinna og stjórnar, blekkja menn og villa heiminum sjónir í þessu máli. Þegar menn hafa fengið málsvarnir beggja málsaðilanna, þá fyrst er unt að fella samviskusama og óhlutdræga dóma.

Þjóðmenjasafn Íslands. Leiðarvísir eftir Matthías Þórðarson forstöðum. safnsins. Reykjavík. Kostnaðarm. Jóh. Jóhannesson. Prentsm. Gutenberg 1914.

Með þessum leiðarvísi er bætt úr mikilli vöntun, sem hingað til hefir verið við safnið og á bæði útgefandi og höf. þakkir skilið fyrir að hafa komið honum út. Bókin er í alla staði vel úr garði ger, með nákvæmri skýrslu um flesta merkustu hlutina á Fornmenjasafninu, hvaðan þeir séu og hverir hafi átt þá, þar sem því verður við komið. Margar myndir eru í bókinni af hinum ýmsu deildum safnsins, með því, sem þar er. Er safnið nú orðið mjög aðgengilegt fyrir alla, með því þeir geta fengið leiðarvísir þennan keyptan á safninu, og með hann í hendinni kynt sér sögu og uppruna margra af merkustu hlutum safnsins. Bókin kostar að eins 1 krónu og er mjög ódýr eftir stærð og frágangi öllum. Þessi leiðarvísir ætti sem fyrst að gefast út á ensku, því fyrri hafa útlendingar ekkert gagn af honum og þeir þurfa hans þó helst með. *B. B.*

Leikvellir og sumarskólar.

II.

Leikvallahreyfingin er álitin mikill ávinningur fyrir almenna heilbrigði manna. Hún skapi hollar heilbrigðisreglur og siði — nokkurskonar heilbrigðisfræðilega samvizku, því í gegn um börnin ná menn til heimilanna, jafnvel hinna fáfróðustu, og til þeirra telja Ameríkumenn allstaðar fátæku innflytjendafjölskyldurnar, sem á fósturjörðu sinni hafa oftast vanist hinu holla sveitalofti og lifnaðarháttum og skilja því ekki í nauðsyn stórborganna eftir hollari heilbrigðari lifnaðarháttum. Börnin frá þefillu götum borganna og dimmu fangelsislegu garðsvæðum húsanna þar, eru tekin inn á leikvellina, en verða þá að vera hrein og þvegin, annars fá þau ekki aðgöngu. Víða er líka á leikvöllunum höfð steypiböð, strandböð eða smápollar fyrir litlu börnin að vaða í. Dagleg böð og sundæfingar heyra með til leikvallauppeldis barnanna í heilbrigðisfræði og hreinlæti. Að þrifnaður sé líka „smittandi", ef börunum er gefið tækifæri til að venjast honum, það hafa skólaböðin allstaðar sýnt. Stundum hafa drengirnir líka orðið að lofa því að reykja ekki, blóta eða berjast, á leikvöllunum.

Í skemtigörðunum eru oft falleg svæði í þægilegri forsælu með fjölda af sætum, sem eru afgirt handa mæðrum með smábörn, alt að 5 ára gömlum. Þar eru sandkassar handa litlu skinnunum, til að róta í og leika sér að, og hengirúm ,þar sem þau geta sofið meðan mæður þeirra hvíla sig eða halda áfram handavinnu sinni. Útlærðar hjúkrunarkonur og hússtjórnarkennslukonur eru launaðar af landsfé til þess, á umræðufundum að tala við mæðurnar um praktísk heimilismál og halda þar ræður um hirðingu og meðferð barna, aðalatriðin í heilsufræði og þrifnaði, eða ýmsar umbætur á heimilisstjórninni, ellegar þær gera þetta privat á heimilunum. Bandaríkin í Ameríku eru líklega eini hluti heimsins, þar sem borgirnar hafa efni á því að bjóða hverjum, sem vill af íbúum sínum, ókeypis böð, jafn ókeypis og loftið, sem menn anda að sér. Það eru ýmist sérstakar baðstofnanir í fjölbygðustu borgarhlutunum, eða það eru steypiböð skólanna, sem í sumarleyfinu standa alþýðu manna til boða ókeypis. Stundum er það líka strandlengja við sjóinn þar, sem auk heldur baðföt eru léð ókeypis. En oftast er þó eitthvert lítilræði borgað fyrir lán á baðfötum sápu og handklæðum.

Eitt af því einkennilegasta við alla þessa hreyfingu er félagsstofnun ungra smámeyja frá 12—14 ára, sem stofnað var til þess að auka hreinlætisþekkingu og þrifnað hjá fátæka fólkinu, sem mest þurfti þess með. Félagið kallast „The little Mother's League". Þessar litlu mæður reyna ekki einungis í orði að útbreiða hreinlætisþekkinguna, heldur með því sjálfar

að æfa sig í þrifnaði, venja sig á allar hreinlætisreglur, reglusemi, snotrari umgengni, umhyggju og aðgæslu á þörfum heimilisins fremur en þær haldi ræður eða fyrirlestra til að kenna mæðrum sínum það, sem þær hafa lært af þessu.

Menn höfðu áður reynt að kenna mæðrunum þetta, en það varð oftast árangurslaust, af því þær voru bæði ofþreyttar til þess að taka eftir slíkum kenningum og inngrónir hleypidómar og venja höfðu náð alt of föstum tökum á þeim, til þess að þær létu sannfærast af nýrri tíma heilsufræðiskenningum, eða vísindalegri reynslu. Því sneru menn sér til ungu telpnanna, sem áttu að verða mæðurnar í framtíðinni, og sem nú urðu oftsinnis að gera mörg heimilisverk og gæta systkina sinna, þeim leituðust menn við að innræta nýjar hugsjónir. Og þær sýndu að þær höfðu verið sérstaklega námfúsar, því í lok fyrsta sumarleyfisins, sem félagið stóð, þá höfðu þessar litlu mæður skrifað upp ýmsar stuttar, en ákveðnar reglur fyrir störfum sínum, og skýrslu um þau, sem sýndi hversu hagkvæmlega þær höfðu notfært sér þekkingu sína. Þær, sem ekki áttu nein ung systkyni, gengu til einhverrar fjölskyldu, sem þær þektu, þar sem voru smábörn, og tóku þau af móðurinni til að fara með þau út á leikvöllinn í sólskinið og hreina loftið, þar sem þær léku við þau og þvoðu þeim og hirtu þau. Og hvar sem þær sán umsjónarlaus smábörn, þá reyndu þær að hjálpa þeim og gæta þeirra. Þessar „litlu mæður" kendu síðan hinum virkilegu mæðrum að bananar, kaffi, öl o. s. frv. væri óholl fæða fyrir smábörn. Þær komu með smábörnin, sem þær gættu heima, þvegin og vel hirt á leikvellina, til að sýna að þau væru rétt klædd og hrein og hress eins og þau ættu að vera.

Meðlimakort litlu mæðranna, sem heilbrigðisstjórnin í New York hefir gefið út fyrir barnaheilbrigðisdeildina, hljóðar þannig:

„Eg skuldbind mig hér með til að starfa fríviljuglega til aðstoðar heilbrigðisstjórninni í New-York við tilraunir hennar til að draga úr barnadauðanum, og eg óska að verða meðlimur í „Litlu mæðra félaginu". (Svo dagsetning nafn og heimilisfang).

* * *

Þeir, sem heimsækja leikvellina falla í stafi yfir þeirri ánægju og þeim barnslega trúnaði og rósemi, sem er breidd yfir alla á leikvöllunum og í útiskólunum. Börnin sýna að þau kunna að meta það, með því að velja fremur þetta tilbreytingarríka líf, með sínum leikjum og skemtandi störfum, heldur en ginningar götulífsins. Til þess að þekkja hvaða börn taka þátt í hinum ýmsu úti-námsskeiðum sumarskólanna, þá fá þau leikvallar aðgöngumiða eða leikvallarhnappa, sem þá veita þeim líka aðgang að dansæfingum, skemtunum, „klúbbum" eða skemtiferðum, sem séð er um að börnin fái. Mikil áhersla og nákvæmni er lögð á það, að gefa börnunum heiðursmerki, (medaliur) sem verðlaun fyrir velgerð störf. Hegning er tæpast til. Aðalvandinn er að hafa öllu svo vel fyrir komið, börnin svo vingjarnleg og góðviljuð, og hinum ónotaða starfsþrótt þeirra beint í svo rétta átt, að engin óregla geti komið fyrir.

Í Boston heldur skólastjórnin opnum 48 leikvöllum fyrir börn innan 13 ára. Í sumarleyfinu eru þeir opnir allan daginn, en meðan skólakenslan stendur yfir, þá eru þeir opnir eftir skólatímann og á laugardögum, sem eru frídagar allra skólabarna. Í skemtigörðum bæjarins eru 24 svokölluð „barnahorn", og auk þess 27 skólagarðar, sem hafa allskonar leikfimisáhöld, margskonar rólur frá gömlum og nýrri tímum, stökkborð, sandkassa og sandborð. Þar eru leiksvæði fyrir lawn tennis-leik, boltaleik, kroket-leik o. fl. Leikunum er oftast háttað eins og sænskir leikfimiskennarar segja fyrir.

Í einni borg í Ameríku varðsóknin að fyrsta leikvellinum svo mikil, þegar hann fyrst var opnaður, að margir stærri drengir voru gerðir afturreka, ef þeir kæmu ekki með smábörn til að gæta að. En að stundarkorni liðnu kom mikill hluti þeirra aftur og báru þá smábörn á handleggnum, sem „kannske fengi að leika sér dálitla stund í sandinum".

Í New-York voru leikvellirnir daglega opnir kl. 1 —$^1/_2$6. Þá söfnuðust börnin saman, svo var skrúðganga, flaggkveðja o. fl. Stundum heldur forstjórinn dálitlu ræðu, þá eru frjálsir leikar, þjóðdansæfingar, (þó ekki drengir og telpur saman) handavinna o. fl. leikar, boltaleikir, fundarhöld góðra borgara, o. s. frv. Burtför. — —

Hver borg hefir oft sínar sérstöku leikvallareglur alt eftir því sem bezt hentar á hverjum stað. Til að sýna hvaða uppalandi áhrif leikvellirnir hafa á börnin skal þess getið að ýmsir leikvallastjórar hafa sagt að margir af verstu götustrákunum yrðu oft aðalleiðtogaruir og beztu félagarnir á leikvöllun. um og hjálpuðu bezt til að viðhalda þar spekt og friði og reglu meðal minni barnanna.

Margt er það, sem notað er til gagns og gamans á leikvöllnnum. Auk ýmsra algengra leika og hollra líkams- og leikfimisæfinga fyrir eldri börnin, er margt annað á takteinum, ýmsar verklegar æfingar, að nokkru leyti leikar og nokkru leyti praktiskt nám, þjóðdansar og söngleikir, sem börnin hafa mikla ánægju af, sögur og æfintýri, sem börn jafnan eru sólgin í. Stundum fá þau að hafa tyllidaga og hjálpa einhverjir þeim þá með að standa fyrir skemtunum þeirra, og kenna þeim að koma þeim í reglulega heild.

Ein af skemtunum barnanna á leikvellinum er að leika sjónleiki, og hefir leikfélag Ameríku tekið að sér að hjálpa þeim með heppilega barnaleiki í þessa átt. Menn vita að það, að látast leika sjónleiki, er eitt af barna beztu skemtunum. Því skyldi það ekki notað í þarfir uppeldisins? Oft eru þetta

aðeins örlítil brot eða atvik, nokkrar setningar o. s. frv. sem þau eiga að leika. Stundum leika þau eftir minni úr einhverjum sjónleik sem þau hafa séð, eða atriði úr klassiskum sögum ýmsra þjóða. T. d. hefir norrænu víkingasögunum og finsku þjóðsögnunum „Kalivala" verið haldið fram til slíkra leiksýninga. Sömuleiðis þjóðsögur, helgisögur, þjóðsöngvar, samtöl og eintöl. Alt eftir aldri og þroska barnanna. En öllu er þessu hagað eftir ástæðunum á hverjum stað. Ekkert fastákveðið, þar hefir hver leikvallarstjóri og skólastjórnir alt á sínu valdi. Það er alt leikur, en þó nám og uppeldi í leik.

Góð ráð handa eiginmönnum.

Ímyndaðu þér ekki að þú hafir eignast þræl, þó þú hafir eignast eiginkonu. Gleymdu því ekki, sem eiginmaður, að halda áfram að sýna henni söma ástúð og umhyggju í hjónabandinu, eins og meðan þið voruð trúlofuð. Lestu ekki blöðin við borðið meðan máltíðin stendur yfir. Vertu ekki of kröfuharður og gramur yfir matnum, ef það kemur fyrir að þér líkar hann ekki. Vertu ekki á hverju kvöldi í félögum eða á veitingastöðum. Ef þú ert í félögum eða „klúbbum" áttu að fara þangað bara endrum og sinnum. Ímyndaðu þér ekki að konan þín sé neinn engill, því væri hún það, þá hefðir þú aldrei fengið hana fyrir konu. Blektu hana ekki með því að tekjur þínar séu meiri en þær eru. Hafi hún einhvern smágalla, þá átt þú að taka vægt á því. Findu aldrei að við hana í áheyrn annara. Vertu aldrei ónotalegur þegar tengdamóðir þín kemur í heimsókn til ykkar. Vitnaðu aldrei til yfirburða móður þinnar við konu þína, þótt þú sjáir að hún sé ekki sú fyrirmynd, sem þú hafðir haldið. Skiftu þér aldrei af sambúð konu þinnar og vinnufólksins, eða fyrirskipunum hennar á heimilinu. Gef þú henni aldrei ótilkvaddur nein ráð með heimilisstjórn yfir höfuð. Vertu ætíð svo vel til fara, sem ástæður þínar leyfa, og seztu aldrei inn til hennar, ef þú hefir komið frá vinnu fyr en þú hefir þvegið þér og snotrað þig til. Láttu þér aldrei mislíka neitt við hana svo börnin heyri. Þú verður að forðast að þau heyri misklíð milli ykkar, ekki síður en vandalausir. Taktu ætíð tillit til konu þinnar og getir þú ekki uppfylt einhverjar óskir hennar, þá láttu hana finna það, að það sé ekki af viljaleysi eða ónotum, heldur af því að þú getir það ekki eða það sé ekki skynsamlegt.

Ferðaminningar.

Þegar fer að líða á veturinn, dagarnir fara að lengjast og sólin hækkar á lofti, þá liggur við að útþráin eða ferðafýsin grípi menn föstum tökum. Einkum er þetta eðlilegt, þegar tíðin er köld og veturinn helst langt fram yfir hinn venjulega tíma. Okkur Íslendingum fer þá líkt og öðrum þjóðum, sem langa til að lengja sumarið og stytta kalda tímann, með því að flýja úr frostinu og snjónum til hinna suðrænu sólarlanda.

En því miður eru fæstir af oss Íslendingum þannig efnum búnir, að við getum notið þeirra þæginda, að flytja okkur með farfuglunum eftir árstíðunum. Við verðum oftast að sitja lengst æfinnar á sama blettinum að heita má. Og ef við höfum einhverntíma verið svo hepnir að njóta þeirrar ánægju að ferðast í sól og sumri um auðug lönd, og njóta sumarfegurðarinnar þar, á þeim tímum, sem hér er frost og kuldi, þá verður okkur að minnast þessa mismunar síðar við lík tækifæri. Og endurminningarnar um það verða okkur þá nokkurskonar uppbót fyrir það, sem vér söknum hér af kostum og sumarfegurð heitari landa. Við lifum þá upp aftur margar af þeim ánægjustundum, sem við nutum þar, sjáum í anda náttúrufegurð og gróður, mannvirki og margháttaða menningu stórþjóðanna, hið síiðandi fjöruga líf stórborganna, sem líkist mest straumþungri elfu með jakaburði og foss-föllum. Áfram, áfram, aldrei til baka. Ef nokkur viðvöl verður þá verður fossfallið og jakaárekturinn á eftir því ákafari.

En í allri þessari eyrðarlausu hringiðu stórborganna, eru þó til ýmsir friðhelgir blettir, þar sem tíminn virðist næstum standa kyr. Þar sem skarkali og háreistin heyrist ekki, hver maðurinn gengur þögull og hugsandi fram hjá öðrum án þess næstum að líta við eða tala orð frá munni. Allir virðast soknir ofan í eigin hugsanir. Um-

kringið verður þar alt. Þessir staðir eru hin margvíslegu stóru söfn.

Eins og eg hefi áður skýrt frá í Kvbl. höfðum við dóttir mín notað þá daga sem við vórum í Wien á heimleiðinni frá Budapest til að skoða nokkuð af hinum mörgu og fögru listasöfnum, bæði frá eldri og nýrri tímum, meðan við stóðum þar við. Einkum voru það málverkasöfnin og höggmyndasöfnin, bæði að fornu og nýju. En þótt þau væru fræg og stórkostlega fögur, þá var þó eitt safn enn þá frægara, sem við áttum eftir að fara fram hjá. Það var hið heimsfræga málverkasafn í Dresden. Annað frægasta málverkasafn heimsins. Það ákváðum við að sjá, þó ekki væri til annars en að sjá hina heimsfrægu «Sixtensku Madonnu« Rafaels, með eigin augum. Fram hjá henni vildum við ekki fara, án þess að offra henni einum degi af ferðalagi okkar.

Af listasöfnum Winarborgar mátti segja að forna höggmyndalistin frá Grikkjum og Rómverjum dragi mest að sér athygli okkar. Og eiginlega var það ekki að furða, því þau söfn með allri sinni fornu sögulegu fortíð, fluttu okkur langt aftur í tímann og sýndu okkur þessar liðnu kynslóðir, bæði í friði og ófriði, í listum og margháttaðri menningu, svo glögt, að hugmyndirnar um daglegt líf þeirra, heimili, iðnað og menningu, íklæddist sýnilegum einkennum veruleikans. Það varð ekki lengur þekking frá bókum. Hér vóru sýnileg merki þess, sem engar getgátur þurftu til stuðnings.

Í Austurríki, og einkum meðfram Dóná, alla leið til sjávar, sér enn margar menjar hinna fornu Rómverja. Fjöldi af kastalarústum þeirra gnæfir þar við loft ofan af hæðunum. Sumstaðar eru þar líka ýmsar aðrar menjar þeirra. Og í sumum hlutum Wínar verður varla grafið svo í jörða að ekki finnist ótal gamalla fornmenja frá Rómverja dögum, enda eru margir hlutir og myndastyttur þar á söfnum, sem fundist hafa í Wien þegar grafið hefir verið fyrir húsgrunnum. (Frh.)

Eldhússbálkur.

Fiskur í spinatsósu. Í þenna rétt brúkast mest þykkasti parturinn af þorskinum eða heilagfiski. Þó má líka nota hvaða hvítan fisk sem er, t. d. ýsu, góðan stútung o. s. frv. Gæta skal að því að salta soðið ekki of mikið, því það á seinna að notast. Smjör og hveiti er hrært saman yfir eldinum, og í það er látið smátt skorið niðursoðið spinat, en hvað það er mikið, fer eftir smekk og því hvað sósan er mikil. Spinatsósan verður að vera talsvert þykk. Nú er annar skaftpottur settur yfir eld og brætt í honum smjör, og hveiti hrært upp í það. Þetta er svo þynt út með fisksoðinu, þangað til það er eins og þunnur grautur. Ofurlítið af hvítum pipar er látið í sósuna. Þá er sett lag af spinatsmaukinu á grunt fat, og ofan á það er svo fiskinum raðað og sósunni svo helt yfir hann. Ofan yfir þetta er stráð rifnum, beiskum Svissarosti. — Þessi réttur er góður á undan steik eða öðrum kjötmat í fámennu miðdagsverðarboði eða kvöldboði.

Allir

hafa hag af að skifta við

Skóverslun

Lárusar G. Lúðvígssonar.

Vatnsstígvél og

skóviðgerðir

fæst best og fljótast afgreitt í

skóverslun

Lárusar G. Lúðvígssonar.

Árni Eiríksson

Austurstræti 6 Reykjavik

Hefir altaf birgðir af **vefnaðarvörum, prjónavörum** og **hreinlætisvörum.**

Sendir þeim, sem kaupa eða panta vörur fyrir 10 krónur í einu burðargjaldsfrítt á þær hafnir, sem strandferðaskipin koma við á. Gegn póstkröfu ef þess er óskað.

Verslunin EDINBORG.

Aldrei hafa verið eins miklar, fjölbreyttar og vel valdar vörur eins og nú í **Vefnaðar-** og **Glervörudeildum** verslunarinnar, og með hverri ferð póstskipanna bætist við birgðirnar.

Alt góðar og óskemdar vörur.

Allar vörur, sem hið minsta sá á, hafa verið teknar frá og eiga ekki afturkvæmt í deildirnar. Verslunin leggur aðal áhersluna á,

að útvega almenningi

Góðar vörur með lægsta verði.

Hún vill gera alla viðskiftamenn sína ánægða.

Ásgeir Sigurðsson.

Útgefandi: **Briet Biarnhéðinsdóttir.** — Prentsmiðjan Gutenberg.